

15. janúar 2021

Umsögn um þingmál 543. mál, lagafrumvarp 151. löggjafarþing 2020–2021. lögum um velferð dýra nr. 55 frá 2013.

Mikið hefur verið rætt um dýravelferð í tengslum við blóðtöku úr fylfullum hryssum undanfarna mánuði. Undirritaður hefur stundað hestamennsku í um 40 ár og er stjórnarmaður í Samtökum um dýravelferð.

Umgengni við skepnur hefur almennt, sem betur fer, farið mikið fram undanfarin ár. Það á einnig við um hestamenskuna en áður var t.d. algengt að hross voru haldin á húsum við þröngan kost og lítið hugsað um velferð þeirra. Þetta voru dýr sem notuð voru við smölun og til skemmtunar en íslenski hesturinn er harðgerð skepna og getur staðið af sér ýmislegt og var hann t.a.m. notaður mikið áður erlendis í námum. Ekki var óalgengt að vera vitni af því þegar hestar voru járnaðir að þeim var haldið, þeir jafnvel bundnir og voru mikil slagsmál við slíkar aðfarir. Með meiri vitneskju hafa menn sem betur fer áttað sig á því að með því að beita þrýstingi fer hesturinn í vörn. Í dag eru járnningamenn og konur mun fróðari um atferli dýrsins og nýta sína menntun, þekkingu og reynslu til að járna hross án þess að setja þau eða járngefólk í hættu. Sama gildir um reiðmennsku, tamningar og almenna umhirðu en með aukinni þekkingu er mun faglegra staðið að verki en áður.

Dýralæknum lsteika er heimilt að taka allt að 5 lítra af blóði úr hryssunum allt að 8 sinnum í röð með viku millibili. Þetta er meira en tvöfalt hærra magn en alþjóðlegar leiðbeiningar um blóðsöfnun frá spendýrum almennt leiðbeina þ.m.t. sem efri mörk fyrir hesta leiðbeina um.

Íslenski rannsóknarlæknirinn Rósa Líf Darradóttir líkir þessu mjög skýrt á eftirfarandi hátt: „Það sem er að gerast með hryssurnar hér samsvarar atburðarás þar sem þungaðar konur sem eru með barn á brjósti á sama tíma myndu láta taka 1 lítra af blóði vikulega á tveggja ára tímabili. mánuði.“ Læknirinn segir ennfremur: "Það er ekkert spendýr í heiminum sem getur tekist á við vikulegt tap upp á 15-20% af heildar blóðmagni án heilsufarsvandamála!"

Truflandi myndirnar af kvöldum, örvæntingarfullum eða þegar örmagna hryssum í blóðtökubásunum vöktu ekki bara martraðir heldur mikla reiði og reiði í röðum hestaunnenda, bæði erlendis og hér á landi. Í könnun Fréttablaðsins kom í ljós að um 2/3 allra landsmanna hafna einfaldlega blóðhryssuiðnaninum. Stofnað var nýtt íslenskt dýravelferðafélag með áherslu á málefni blóðhryssna (Samtök um dýravelferð/Dýravernd á Íslandi (SDÍ)).

Vegna þrýstings almennings lofaði Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra að láta kanna blóðhryssnaiðnaðinn frá öllum hliðum af sérstökum þriggja manna starfshópi:

- Iðunn Guðjónsdóttir sem formaður starfshóps frá landbúnaðarráðuneytinu
- Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hestasjúkdóma, skipuð af MAST
- Ólafur Páll Jónsson siðfræðingur, skipaður að Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Áður en blóðtaka fylfullra mera var heimiluð hérlendis, var unnin greining á því hvernig hægt væri að standa að henni og þá hvernig væri hægt að hafa tekjur af þessum búskap. Þá var ekki hægt að ná því próteini sem sóst er eftir með öðrum hætti, en það á ekki við lengur. Þessi greining var unnin á vegum lyfjaframleiðslufyrirtækisins O. Johnson og Kaaber árið 1982. Þar var fjallað m.a. um áhrif blóðtöku á merar og folöld. Þar kemur m.a. fram: "*Einstaka hryssur virðast kenna einhverra ónota, sem lýsa sér í því að bær leggjast, velta sér yfir hrygg og liggja um hrið marflatar*" Svo er haldið áfram: "*Við höfum séð þess nokkur dæmi að hryssur hafi orðið afvelta fjótlega eftir blóðtöku*" (11). Þarna er það alveg ljóst að þessi blóðtaka hefur áhrif á skepnurnar en hagsmunaaðilar hafa keppt við að reyna að hrekja staðreyndir eins og þessar.

15. janúar 2021

Í grein sem birt var á [Vísir.is](#) þann 8. janúar sl. er ítarlega farið yfir málið og vísað til heimilda sem sýna fram á að blóðmagn sem tekið er úr fylfullum íslenskum hryssum er verulega umfram það sem talið er æskilegt. Þar er bent á að óæskilegt sé að taka meira en um 7,5% af blóði hjá hrossi (ekki fylfullum merum) án þess að það geti haft áhrif á stoðkerfi og heilsu skepnunnar. Á Íslandi er heimilt að taka 5 lítra sem reikna má að séu þá frá 16,5 til 20 % af blóði hestsins á nokkra vikna fresti. Þetta er verulega umfram þau viðmið og ætti eitt og sér að vera nægjanleg ástæða fyrir því að stöðva þessa framleiðslu.

Einnig hefur verið vísað til rannsókna sem unnar hafa verið á vegum háskóla og samtaka dýralækna í fimm löndum, gerð var rannsókn á velferð hryssa við blóðtöku árið 2019 sem vísar til þess að það megi ekki taka meira en 6.1 lítra á tveggja vikna fresti hjá hestum (ekki fylfullum merum) sem eru um 1000 kíló. Íslenski hesturinn er að meðaltali um 350-400 kíló. Þá er einnig bent á að fylfullar hryssur hafa allt að 15% minna blóðmagn (4).

Þessar rannsóknir gefa til kynna svo ekki verði um villst að sú blóðtaka sem leyfð er á Íslandi er langt umfram það sem telst vera æskilegt sé það borið saman við rannsóknir háskólanna frá Barcelona, Texas og Wilmington USA, Danmörku, og Kanada ([sjá nánar D](#)).

Þá hefur einnig verið vísað til annars lyfs (*cloprostenol* (8)) sem er efnafræðilega tilbúið og gegnir sama hlutverki og það sem búið til úr blóði hryssa og þeirri spurningu varpað fram í grein sem birtist á [Vísir.is](#) hvort það sé siðferðislega rétt að vinna þetta efni úr blóði.

Stærsti hagsmunaaðili framleiðslu hefur látið hafa eftir sér að „*Áratuga reynsla og margítrekaðar rannsóknir á hryssunum hafa sýnt fram á að blóðgjafirnar hafa engin neikvæð áhrif á heilsu þeirra. Þær þyngjast eðlilega og blóðgildi þeirra eru í jafnvægi yfir blóðgjafatímabilið. Fyl þeirra þroskast eðlilega og folöldin þeirra stækka eins og önnur folöld.*“ Einu rannsóknir sem fyrirtækið vísar í sem styðja þeirra sjónarmið að blóðtaka sé í lagi er greining unnin af lyfjaheildsölufyrirtæki frá árinu 1982 og birtist grein í tímaritinu Frey (11). Varhugavert er að hagsmunaaðilar framkvæmi greiningu eins og þessa, sem stuðst hefur verið við frá upphafi.

Samkvæmt nýlegri reglugerð matvælaráðherra um blóðtöku úr fylfullum hryssum er áfram leyfilegt að taka 40 lítra af blóði úr hryssu yfir tveggja mánaða tímabil. Reglugerðin breytti engu um aðstæður hryssanna, byggir á takmörkuðum gögnum hagsmunaaðila og ekki er farið fram á ítarlegar rannsóknir á heilsu blóðtökuhryssa. Í stuttu máli eru ekki til neinar rannsóknir á blóðtöku hryssa á Íslandi en farið er ítarlega yfir það í grein Rósu Lífur þann 31. Október sl. [Meintar rannsóknir blóðmerahalds ekki til - Vísir \(visir.is\)](#)

Ýmis samtök eins og FIEF hafa fordæmt blóðtöku fylfullra hryssa á Íslandi og hefur félag íslenskra hrossabænda ályktað á aðalfundi áhyggjur af því að þessi starfsemi eigi ekki samleið með því umfangsmikla starfi sem tengist íslenska hestinum og geti skaðað ásýnd hans og orðspor. Íslandsstofa segir blóðmerahald harðan skell fyrir landið og hafa rúmlega sex þúsund manns skrifað undir undirskriftarlista um bann við blóðmerahaldi.

Hér að neðan eru tilvísanir í ýmissa umfjöllun sem hefur verið um málið.

1. Ísland er eitt fárra landa í heimi sem leyfa þetta, önnur lönd eru Argentína, Kína og Úrúgvæ. Evrópusambandið hefur bannað innflutning hrossakjöts og PMSG hormóns frá þessum löndum.

<https://www.frettabladid.is/frettir/blodmerahald-bannad-i-evropu/>

2. Framleiðslan hefur þrefaldast frá árinu 2009.

15. janúar 2021

<https://www.sverigesnatur.org/aktuellt/islands-roda-guld/?fbclid=IwAR1dIPU5NJ32Q-IkIoz-vIJ7gfNGKJ5qDIck-FAHjOH6cP4sw-IUs3G2bIM>

3. Fyrirtækið Ísteka er eigandi tæplega 300 hryssa og er með yfirburðastöðu gagnvart öðrum framleiðendum.

<https://www.frettabladid.is/frettir/taepar-300-blodmerar-i-eigu-isteka/>

4. Samkvæmt greininni, „Hvað segja vísindin“ frá óháðum fagaðila. Dr. Rósa Líf eru færð mjög góð rök gegn því að heimila eigi blóðtöku og að flokka mætti hana sem dýranið.

<https://www.visir.is/g/20212196811d/blod-mera-hald-hvad-segja-visindin->

5. Viðtal við dýralæknir og verkefnastjóri rannsókna HÍ 19. desember sl. um málið er vísað til rannsókna sem gerðar voru á hrossum í Ástralíu árið 2000, ekki fylfullum merum. Þó vísar Dr. Rósa Líf í nýlegar rannsóknir frá árinu 2019 um blóðtöku í sinni grein (4).

<https://www.visir.is/k/9067c7cc-44ef-4597-99f8-1abc9463903c-1639915376366?fbclid=IwAR1J0gZn5zOvVHceJ1aTUq3OcfLWCx04FmYCAzzzWzCg4pYuLLTiHKHa8OE>

6. FIEF Alþjóðasamtök íslenska hestsins fordæma illa meðferð blóðmera og styðja að íslensk stjórnvöld banni þetta.

<https://www.visir.is/g/20212187803d/fordaema-illa-medferd-a-blodmerum>

7. Vakín hefur verið athygli á vanmátt MAST til að sinna eftirliti enda ekki til nein viðmið sem hægt er að tak mið af við slíkt eftirlit.

<https://kjarninn.is/skodun/blodmeranidid-fjandsamleg-yfirhyllming-mast-og-fordaeming-feif-hluti-ii/>

8. Í grein Dr. Svans Sigurbjörnssonar um siðferði blóðmerahalds er þar bent á að til sé annað lyf, *cloprostenol* sem gegnir sama hlutverki og *eCG* hormónsins og veltir upp þeirri spurningu hvort það sé siðferðislega rétt að ná þessu hormóni með blóðtöku fylfullra hryssa.

https://www.visir.is/g/20212202715d/um-sidferdi-blodmerahalds?fbclid=IwAR2PTb1KpsiWXbD2wGiEIWIDU7wT5kn7LKzoQbW7ZjGZ_W3Teb_HiK0kk_4

9. Grein sem framkvæmdastjóri Ísteka ritar er vísað til rannsókna sem unnar eru á grundvelli rannsókna sem gerðar voru á vegum G. Ólafsson hf. og birtar 1982 og að fyrirtækið Ísteka hafi endurtekið reglulega.

<https://www.visir.is/g/20222203340d/ahrif-blodgjafar-a-hryssur>

10. Grein frá formanni félags íslenskra hrossabænda þar sem komið er inn á ályktun frá aðalfundi um blóðmerar.

<https://hestafrettir.is/2021/12/30/takk-fyrir-arid-kaera-hestafolk/>

11. Blaðgrein í Frey sem birtist 1982 sem vísar til greininga unnar af lyfjaframleiðanda á blóðtöku sem eru einu staðfestu útgefni heimildir sem virðast vera til hérlendis.

<https://timarit.is/page/5571589?iabr=on#page/n9/mode/2up/search/bl%C3%B3%C3%B0gildi%20hryssur/inflections>true>

12. Álitsgerð um heildar blóðmagn íslenska hestsins, magn og tíðni blóðtöku og möguleg áhrif hennar á fylfullar hryssur, út frá sjónarmiðum dýralækna vísinda og dýraverndar.

15. janúar 2021

<https://www.visir.is/g/20222205974d>

Blóðsöfnun sem þessi hefur áhrif á dýrið er ómanneskjuleg og er eingöngu gerð í gróðasjónarmiði á kostnað skepnunnar.

Það eru ótal mörg atriði sem talin hafa verið upp hér að ofan sem mæla gegn því að þetta fái að viðgangast og ætti að stöðva þessa framleiðslu umsvifalaust.

Það er löngu tímabært að stöðva framleiðslu próteins með því að safna blóði úr fylfullu spendýri því það eru til aðrar leiðir og sýnt hefur verið fram á að slík framleiðsla skaðar sumar skepnur. Þetta er eitthvað sem er bannað í löndunum í kringum okkur og skaðar ímynd landsins og þeirra sem eru að rækta, keppa og selja hross.

Virðingarfyllt,

Ólafur R. Rafnsson, hestamaður og stjórnarmaður í samtökum um dýravelferð SDÍ.

Heimildir úr rannsóknum sem hafa verið gerðar um blóðtöku sem Dr. Rósa Líf vísar til í sinni grein (4).

- a) <https://www.nc3rs.org.uk/blood-sample-volumes>
- b) https://ouv.vt.edu/content/dam/ouv_vt_edu/sops/large-animal/sop-equine-blood-collection.pdf
- c) <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/31805698/>
- d) <https://www.mdpi.com/2076-2615/11/5/1466>
- e) <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/books/NBK470382/>
- f) <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/18466177/>
- g) <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/10818399/>